


Alþingi
Erindi nr. P 139/1651
komudagur 9. 3. 2011



Félag löggiltra
endurskoðenda

Reykjavík 9. mars 2011
Tilvísun FLE 7-2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

b/t Kristjönu Benediktsdóttur

Málefni: Frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna, 314 mál.

Með tölvupósti dags. 2. mars s.l. óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE sem tók málið til umfjöllunar.

Álitsnefndin telur málið vera þess eðlis að félagið tekur ekki afstöðu til þess.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
Framkvæmdastjóri FLE

Alþingi
Erindi nr. P 139/1658

komudagur 10.3.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Hagsmunasamtök
Heimilanna



Reykjavík, 6.mars 2011

Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) til Efnahags- og skattanefndar Alþingis vegna þingskjals nr. 381-314. máls, 139. löggjafarþingi, 2010-2011.
Frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna

Almennt

Hagsmunasamtök heimilanna taka undir brýna þörf þess að fjárhagsstaða heimilanna verði skýrð og rannsókuð af óháðum aðila, niðurstöður birtar reglulega með opinberum hætti, þannig að þær nýtist sem flestum sem fjalla um málefni heimilanna. Slík gögn hefur skort tilfinnanlega undanfarin ár og sérstaklega eftir hrun efnahagskerfisins, þegar fjárhagsstaða margra heimila stökkbreyttist til hins verra. Því ber að fagna að hér er lagt til að fjárhagsstaða heimilanna verði könnuð reglulega og til frambúðar, en ekki sem tímabundið verkefni, eins og fyrri tillögur hafa gengið út á (til dæmis þingskjal 961-570. mál 2010).

Samhliða slíkri skráningu og greiningu er afar brýnt að viðmið lágmarksframfærslu og hóflegar framfærslu til greiðslumats séu skilgreind, sem og hættumörk vegna mikillar skuldsetningar og greiðslubyrði. Einnig er þörf á að skilgreina við hvað hóflegt heimilishald miðast, viðmiðunarstærð hóflegs húsnæðis miðað við fjölskyldustærð og viðmið fjölda bíla á hvert heimili.

Hagsmunasamtök heimilanna ítreka kröfu sína um að ríkisstjórnin láti árlega gera *Hagspá heimilanna*, samhliða gerð fjárlaga og þjóðhagsspár Seðlabanka Íslands, byggða á fyrirbyggjandi rannsóknarniðurstöðum á hverjum tíma. Upplýsingar af þessu tagi þyrfti einnig nota til að meta áhrif lagabreytinga um ríkisfjármál, svo sem skattabreytinga, breytinga á lögum um lánakerfið og þess háttar, sem og til að meta afdrif heimilanna við sérstakar aðstæður eins og nú ríkja, vegna samstarfs stjórnvalda við AGS.

Nýta verður upplýsingar frá hverri milliniðurstöðu rannsóknarinnar til endurmats á þörf fyrir frekari úrræði fyrir heimilin vegna stærðar og umfangs skulda- og fjárhagsvanda heimilanna í kjölfar hrunsins. Samtökin leggja til að rannsóknartímabilið verði einnig afturvirk og sýni árlega þróun helstu þátta frá árinu 2000. Samtökin leggja til að ítarleg rannsóknargögn Seðlabanka Íslands frá skattaárinu 2008 verði nýtt til að veita ítarlegri greiningu frá og með skattaárinu 2008.

Mikilvægt er að allar niðurstöður rannsóknarinnar skili sér undanbragðalaust í málefnalegri umræðu og mati hagsmunaaðila, stjórnsýslu, fræðasamfélags og almennings um stöðu og stefnu um skuldamál heimilanna. Umræður og greining leiði síðan til markvissra mótvægisáðgerða og stefnumótunar um *viðsnúning á skuldavanda heimilanna*.

Samtökin ítreka nauðsyn þess og kröfu sína um að stjórnvöld tryggi almenna höfuðstólsleiðréttingu lána neytenda vegna forsendubrests, aðfara fjármálafyrirtækja að hag viðskiptavina sinna, vanrækslu stjórnvalda í að gæta hagsmuna almennings og mistaka í efnahagsstjórn, sem hefur stökkbreytt fjárskuldbindingum neytenda til hins verra.

Samtökin vísa einnig í meðsent fylgiskjal, „110208 HH rammi áðgerða“, sem tilgreinir þau atriði sem samtökin telja forsendu þess að skapa skilyrði til viðsnúnings á stöðugri og ógnvænlegri kerfisbundinni skuldaaukningu heimilanna.

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is


Friðrik Ó Friðriksson formaður stjórnar

Arinbjörn Sigurgeirsson
Ritari

Rammi aðgerða um skuldavanda heimilanna



Hagsmunir allra grunnstoða hagkerfisins, þ.e. heimila, atvinnulífs, fjármálakerfis og hins opinbera, fara saman til lengri tíma lítið og því verður að jafna ábyrgð milli aðila á afleiðingum hrunsins. Einhliða og of skammsýn hagsmunagæsla fjárskuldbindinga hins opinbera og fjármálakerfis mun einfaldlega leiða af sér annað hrun fyrr en seinna, langvarandi samdrátt í hagkerfinu og mjög kostnaðarsamt siðrof.

Hagsmunasamtök heimilanna leggja til eftirfarandi tillögu að ramma um aðgerðir til sátta um skuldavanda heimilanna og aðgerðir til viðsnúnings á sí vaxandi skuldaþróun, til nánari útfærslu milli aðila:

- **Almenn leiðrétting verð- og gengistryggðra veðlána heimilanna.**

Markmið aðgerðar er að forða því að stöðugt fleiri heimili þurfi á sértækri skuldaaölgun að halda og að byrðum sé dreift milli aðila (lántaka, lánveitenda og skattgreiðenda) með sanngjörnum hætti. Aðgerð náir til sem flestra heimila, sé skilvirk og áhrifa gæti fljótt og að umsýslukostnaður sé sem minnstur.

Útfærslu slíkrar leiðréttingar skuli lokið fyrir 15. apríl nk. í samkomulagi hagsmunaaðila, stjórnvalda og fulltrúa neytenda eða með neyðarlögum um brýna efnahagsaðgerð. (sjá nánari tillögur Hagsmunasamtaka heimilanna)

- **Gera þarf sértæk greiðsluferfiðleikaúrræði skilvirkari**

Fyrir þá sem almenn aðgerð nægir ekki fyrir. Markmið aðgerða sé að sem flest skuldsett heimili nái endum saman, umsýslukostnaður sé sem minnstur og fólk hafi þak yfir höfuðið fyrir viðráðanlegt endurgjald. Í þessu ástandi verði lögð sérstök áhersla á skilvirka málsmeðferð og úrvinnslu.

Útfærsla endurskoðunar núverandi úrræða og möguleg innleiðing frekari úrræða sé lokið fyrir 15.apríl nk., unnin í samvinnu við hagsmunaaðila og fulltrúa neytenda.

- **Gera þarf þrotameðferð einstaklinga styttri með styttingu endanlegs fyrningarfrests krafna**

Fyrir þá sem ekki verður bjargað fjárhagslega með ofangreindum leiðum. Úrræðið taki einnig til greiðsluþrota vegna árangurslausra fjárnáma.

Markmið aðgerðar er að veita yfirskuldsettu fólki sem fyrst tækifæri til fjárhagslegs sjálfstæðis á ný og lágmarka þannig umsvif árangurslausra fjárnáma, veltu innan eftirkröfumarkaðar, svarta hagkerfisins og fjárhagslegs landflóttá.

Lög um fullnaðarfyrningu gjaldþrotamála innan tveggja ára varð að lögum 17.12.2010.

Samsvarandi breyting vegna greiðsluþrota og árangurslauss fjárnáms verði innleidd fyrir 15. mars n.k.

- **Efla eftirlit með aðgerðum og vinnubrögðum fjármálafyrirtækja og innheimtuaðila.**

Allar niðurstöður eftirlitsaðila verði gerðar opinberar ársfjórðungslega. Löggjöf og regluverk með vinnubrögðum og eftirliti verði endurskoðuð. Boðuð verði hert viðurlög við brotum á gildandi reglum. Eftirlit taki sérstaklega til skoðunar vörslusviptingar, samninga og framkvæmd um sértæka skuldaaölgun, greiðsluaölgun og nauðungarsamninga afturvirkir frá 1.1.2008.

Útfærslu sé lokið og hert eftirlit taki til starfa fyrir lok 15.maí nk.

- **Hefja skipulega greiningu og rannsókn á fjárhagsstöðu heimilanna**

Fjárhagsstaða heimilanna verði greind af óháðri stjórnsýslustofnun og niðurstöður kynntar ársfjórðungslega til framtíðar. Mörk skuldsetningar verði skilgreind sem hófleg, vænt og varhugaverð, miðað við hlutföll eignarhalds og umfang séreignar bílaflota hverju sinni. Unnið verði afturvirkir frá ársbyrjun 2008 með sambærilegum hætti.

Útfærslu verði lokið og rannsókn hafin fyrir byrjun mars 2011.

- **Innleiðing úrræða til bættar hagstjórnar.**

Skilgreind verði opinber framfærslukostnaður lágmarksframfærslu annars vegar og meðal framfærslukostnaður vegna greiðslumats hins vegar.

Gerð verði undantekningarlaus krafa um greiðslumat við öll veðlán einstaklinga.

Lög verði sett um að veð takmarkist við veðandlag neytendalána. Lánveitandi skal ekki öðlast meiri rétt en samið var um í upphafi, þ.e. að lausaskuldir verði ekki hægt að setja inn á veðrétt heimila með fjárnámi eða öðrum gjörningum. Lögin taki gildi við skilmálabreytingar eldri lána. Ábyrgð þriðja aðila verði bönnuð og afnumin við skilmálabreytingar.

Fjárhagsstaða og málefni heimilanna verði tekið upp sem viðfangsefni, til greiningar og viðbragða innan félagsmálaráðuneytis.

Skoðað verði að fela Seðlabanka að stýra hámarks veðhlutföllum útlána hverju sinni, sbr. ákvörðun um bindiskyldu og stýrivexti.

Útfærslu verði lokið fyrir lok 17.júni 2011.

- **Seðlabanki birti árlega Hagspá heimilanna sem hluta af almennri efnahagsspá**

Upplýsingar um fjárhagsstöðu heimilanna verði grunnur hagspár og taki að öðru leiti mið af öðrum hagstærðum við hagspá hvers árs í riti Seðlabanka um Fjármálastöðuleika.

Seðlabanka verði falið að gæta stöðuleika innan hagkerfisins í heild.

Útfærslu verði lokið fyrir byrjun júní 2011.

- **Breytingar á húsnæðislánakerfinu.**

Dregið verði markvisst úr vægi verðtryggingar á neytendalánnum með tímasettri áætlun um afnám að fullu fyrir 17. júní 2011.

Komið verði á samkeppni um tekin lán, með innleiðingu breytilegra vaxtakjara og þaki á vexti húsnæðislána.

Samkeppnishamlandi lántöku- og uppgreiðslugjöld verði afnumin og bönnuð.

Lánveitendur verði kallaðir til meðábyrgðar fyrir efnahagsstöðuleika.

Leitað verði leiða til að lækka vexti með lækkun vaxta á útgefnum ríkisskuldabréfum og lækkun raunávöxtunarkröfu lífeyrissjóðanna. Endurskoðun lífeyrissjóðakerfisins er brýn.

Lögð verði áhersla á stöðuga eignamyndun og hóflegan heildarkostnað veðlana neytenda.

Lánsformum verði fjölgað. Vaxta- og húsaleigubætur taki einnig mið af fjölskyldustærð.

Útfærslu verði lokið fyrir byrjun júní 2011.

(sjá nánari tillögur Hagsmunasamtaka heimilanna)

- **Aukning og jafnræði valkosta í húsnæðismálum**

Valkostum búsetuforma almenns markaðar verði jöfnuð á þann hátt að fjölskyldum verði gert auðveldara að velja það form sem hentar, hvort sem það er eignar, leigu, kaupleigu eða félagsbústaðaform.

Félagslegt húsnæðiskerfi verði endurmetið og styrkt í samræmi við stefnu um fjölgun kosta í húsnæðiskerfinu til að tryggja öllum aðgengi að íbúðarhúsnæði. Í forgangi verði mætt þörfum barnafjölskyldna.

Réttarumhverfi leiguhúsnæðis verði endurskoðað með því augnamiði að langtímaleiga verði raunhæfur og vænlegri kostur fyrir bæði leigusala og leigutaka í samræmi við ofangreint.

Útfærslu stefnumörkunar verði lokið fyrir byrjun maí 2011 og leiði strax til framkvæmda.

- **Aukin neytendavernd**

Neytendavernd og -fræðsla verði eflid.

Lög um neytendavernd verð samræmd gildandi lögum norðurlanda og EES.

Almenn fjármálafræðsla verði eflid bæði í skólakerfi og endurmenntun.

Kostnaður og áhrif greiðslukortakerfa á hagkerfið verði könnuð og brugðist við neikvæðum áhrifum á verðlag og verðbólgu. Lögð verði áhersla á debetneyslu í viðtækari mæli.

Stuðlað verði að valkvæðum sparnaði ungmenna 16-30 ára, til að undirbúa stærri fjárfestingar, ss. nám og fasteignakaup.

Útfærslum verði lokið fyrir byrjun júní 2011.

Stjórn HH lýsir samtökin viljug til samráðs og samstarfs á grundvelli ofangreindra atriða.

Stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna, 8. febrúar 2011

Alþingi
Erindi nr. Þ 139/1650
komudagur 8.3.2011



Innheimtustofnun
sveitarfélaga

Efnahags- og skattanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Rvík. 8. mars 2011.

Efni: frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna. Þskj. 381, 314. mál.

Með tölvup., dags. 2. mars 2011 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis þess að Innheimtustofnun sveitarfélaga (IS) veitti umsögn um frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna, sbr. þskj. 381, 314. mál.

Markmið frumvarpsins er að stjórnvöld geti markað stefnu um vörð og hag heimilanna, sérstaklega þeirra sem höllum fæti standa. IS hefur ekki athugasemdir við framkomid frumvarp og markmið þess og telur markmið þess gott í þeirri viðleitni að rannsaka hag heimilanna í landinu. Stofnunin vill þó koma að eftirfarandi athugasemdum vegna frumvarpsins:

Ljóst er af athugasemdum í greinargerð með 2. gr. frumvarpsins að frumvarpinu er ætlað að gilda um stofnunina og að henni sé skylt að veita upplýsingar á 3 mánaða fresti um meðlög, meðlagsskuldir og greiðslu þeirra.

Skýra lagaheimild þarf til vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 3. tl. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 77/2000. Þar segir að vinnsla persónuupplýsinga sé heimil sé hún nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila vinnslunnar. Í 2. gr. frumvarpsins er tilgreint hverjir skuli miðla persónuupplýsingum skv. frumvarpinu. IS er ekki nefnd þar sérstaklega, en þar er notað hugtakið opinberir aðilar. Innheimtustofnun sveitarfélaga telst vissulega opinber aðili, en setja má spurningamerki við skýrleika þeirrar tilgreiningar. Skv. 2. gr. frumvarpsins er einnig gert ráð fyrir þeim sem falli þar undir skuli miðla upplýsingum um tekjur heimila, lántökur, afborganir af lánum, leigu og annan kostnað vegna húsnæðis eða náms. Þessi tilgreining getur ekki átt við um IS sem innheimtir fyrirframgreidd meðlög og sérstök framlög samkvæmt barnalögum. Í greinargerð er vísað til þess að þarna undir heyri meðlög, meðlagsgreiðslur og greiðslur af þeim. Meðlagsskuld er ekki lántaka eða afborgun af láni.

Velta má fyrir sér hvort 2. gr. frumvarpsins sé nægilega skýr að þessu leyti þar sem gerð er sú krafa að lagaheimildir til vinnslu persónuupplýsinga séu skýrar og óumdeildar. Þar sem þetta á undir starfssvið Persónuverndar verður að líta til umsagnar Persónuverndar varðandi þetta atriði og önnur er lúta að öryggi gagnasöfnunarinnar og umgjörð hennar.

Í athugasemdum við 2. gr. frumvarpsins er eins og áður segir gert ráð fyrir því að IS veiti upplýsingar um meðlög, meðlagsskuldar og greiðslu af þeim skuldum. Meginhlutverk IS er að

innheimta meðlög og sérstök framlög skv. barnalögum, t.d. framlög vegna ferminga og tannréttinga, sem Tryggingastofnun ríkisins (TR) hefur greitt út til forráðamanna barna hins meðlagsskylda. Því þyrfti að taka skýrar fram í frumvarpinu að það tæki ekki einungis til upplýsingagjafar um skuldir vegna meðlaga heldur einnig skulda vegna sérstakra framlaga skv. 60. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Einnig vill IS benda á að taka þarf með tekjur meðlagsmóttakanda vegna meðlaga og sérstakra framlaga er hann fær. Þær fjárhæðir geta skipt verulegum fjárhæðum mánaðarlega. IS getur hins vegar ekki veitt þær upplýsingar þar sem stofnunin er einungis innheimtuaðili en ekki greiðsluaðili þessara fjárhæða. TR sér um greiðslu þeirra og ætti það að vera á hendi þeirrar stofnunar að sjá um þá upplýsingagjöf. IS bendir á að meðlög teljast ekki bætur almannatrygginga og því þyrfti að taka sérstaklega fram að TR ætti að veita þær upplýsingar, og myndi almenn tilvísun til bóta almannatrygginga ekki nægja að því leyti.

IS gerir einnig athugasemdir við þann kostnað sem gæti hlotist af miðlun upplýsinganna, en í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hún fari fram 4 sinnum á ári. Væntanlega felur það í sér talsverðan stofnkostnað þar sem laga þyrfti tölvukerfi stofnunarinnar að slíkum breytingum. Það myndi því koma niður á fjárhag jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, en hann greiðir þann kostnað sem hlýst af starfsemi stofnunarinnar.

Að öðru leyti hefur IS ekki athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt

f.h. Innheimtustofnunar sveitarfélaga



Guðmundur Þór Bjarnason hdl.

Samrit sent:


Guðjon@samband.is

nefndasvið@althingi.is

krb@althingi.is

Alþingi
Erindi nr. P 139/1808
komudagur 28.3.2011

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 24. mars 2011
Tilvísun: 2011030319BS/--

Persónuvernd vísar til tölvubréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 2. mars 2011 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimila (þskj. 381, 314. mál á 139. löggjafarþingi). Veittur var frestur til 9. mars til að skila umsögninni og er beðist velvirðingar á að umsögnin hafi enn ekki verið veitt.

Áður hafa tvisvar verið lögð fram frumvörp um rannsókn á fjárhagsstöðu heimilanna (þskj. 961, 570. mál á 138. löggjafarþingi, og þskj. 381, 314. mál á 139. löggjafarþingi). Persónuvernd veitti umsögn um þau frumvörp með bréfum, dags. 17. maí 2010 og 31. janúar 2011. Í umræddu frumvarpi er gert ráð fyrir að nánari framkvæmd rannsóknar verði með nokkuð öðrum hætti en í fyrri frumvörpum. Meginefni frumvarpanna allra er þó mjög sambærilegt, þ.e. að ríkisvaldið safni mjög víðtækum upplýsingum um fjárhagsstöðu einstaklinga í rannsóknarskyni og varðveiti þær um nokkurra ára skeið.

Áðurnefndar umsagnir voru samþykktar af stjórn Persónuverndar. Þar sem umrætt frumvarp varðar sambærilega vinnslu persónuupplýsinga og þar var fjallað um er fyrirhugað að bera það einnig undir stjórnina. Næsti fundur hennar verður haldinn hinn 5. apríl nk.

Þess er vinsamlega óskað að frestur verði veittur fram að fundinum til að veita umbedna umsögn.

Virðingarfyllst

Alþingi
Erindi nr. P 139/2012
komudagur 13.4.2011

Alþingi
Efnahags- og skattanefnd
150 REYKJAVÍK



Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606
netfang: postur@personuvernd.is
veffang: personuvernd.is

Reykjavík, 7. apríl 2011
Tilvísun: 2011030319PS/--

Efni: Frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimila

1.

Persónuvernd vísar til tölvubréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 2. mars 2011 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimila (þskj. 381, 314. mál á 139. löggjafarþingi).

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er markmið þess að fyrir liggja reglulega upplýsingar um stöðu mismunandi tegunda heimila þannig að stjórnvöld geti markað stefnu til að standa vörð um hag heimilanna, sérstaklega þeirra sem höllum fæti standa.

Í 2. gr. frumvarpsins er að finna ákvæði um framkvæmd umræddrar rannsóknar. Er m.a. lagt til að Hagstofan rannsaki fjárhagsstöðu heimilanna ársfjórðungslega. Við rannsóknina hafi hún náð samráð við Persónuvernd varðandi persónuupplýsingar og Fjármálaeftirlitið varðandi bankaleynd. Opinberir aðilar, fjármálastofnanir, lífeyrissjóðir, sjúkrasjóðir og háskólar, sem búi yfir upplýsingum um tekjur heimila, lántökur, afborganir af lánum, leigu og annan kostnað vegna húsnæðis eða náms, skuli að eigin frumkvæði miðla upplýsingum Hagstofunnar á því formi og á þeim tíma sem Hagstofan tiltaki. Hagstofan taki við gögnum á starfsstöð viðkomandi og flytji á miðil í eigu Hagstofunnar undir eftirliti Persónuverndar.

Fram kemur í 2. gr. að dulkóða eigi gögnin. Um það segir nánar að gögnum skuli safnað á einn stað hjá Hagstofunni undir eftirliti Persónuverndar og þau dulrituð þar með þremur dulritunarlyklum. Skuli hver lykill útbúinn í tvíriti og skuli hagstofustjóri og staðgengill hans geyma eitt par, framkvæmdastjóri Persónuverndar og staðgengill hans eitt par og

tíu ár en gögnin í fjögur ár hverju sinni. Fyllstu varúðar og leyndar skuli gætt á þeim gögnum sem safnað sé saman. Í 3. gr. segir að sá sem brjóti trúnað og leynd um gögnin skuli sæta fangelsi allt að tíu árum.

2.

Áður hafa tvisvar verið lögð fram frumvörp um rannsókn á fjárhagsstöðu heimilanna (þskj. 961, 570. mál á 138. löggjafarþingi, og þskj. 381, 314. mál á 139. löggjafarþingi). Persónuvernd veitti umsögn um þau frumvörp með bréfum, dags. 17. maí 2010 og 31. janúar 2011. Í umræddu frumvarpi er gert ráð fyrir að nánari framkvæmd rannsóknar verði með nokkuð öðrum hætti en í fyrri frumvörpum. Meginefni frumvarpanna allra er þó mjög sambærilegt, þ.e. að ríkisvaldið safni mjög víðtækum upplýsingum um fjárhagsstöðu einstaklinga í rannsóknarskyni og varðveiti þær um nokkurra ára skeið.

Í fyrri umsögnum hefur Persónuvernd lýst yfir áhyggjum af þeirri víðtæku vinnslu persónuupplýsinga sem í framangreindu felst, ekki síst í ljósi tilhneigingar til að framlengja varðveislutíma í gagnagrunnum sem til verða með upplýsingum um einstaklinga. Þá hefur Persónuvernd komið á framfæri þeirri afstöðu að við lagasetningu um slíka vinnslu, sem hér um ræðir, þurfi að sýna fram á nauðsyn á varðveislu persónugreinanlegra upplýsinga, en einungis þannig séu uppfyllt ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Í þessu felist að sýnt sé fram á af hverju sá möguleiki sé ekki fyrir hendi að vinna úr viðkomandi persónuupplýsingum, búa til nauðsynlega tölfræði og þegar að því loknu eyða öllum persónugreinanlegum upplýsingum.

Persónuvernd ítrekar framangreinda afstöðu sína. Þá skal sérstaklega tekið fram að þrátt fyrir mikilvægi þess að friðhelgi einkalífs njóti verndar telur Persónuvernd ákvæði frumvarpsins um allt að tíu ára fangelsisrefsingu ekki í samræmi við refsiramma íslenskra refsilaga.



3.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Persónuvernd myndi hafa virka aðkomu að dulkóðun gagna. Slíkt fæli í sér að stofnunin hefði bæði með höndum ákveðna þætti í umræddri vinnslu persónuupplýsinga og um leið eftirlit með vinnslu. Það fer ekki saman að hafa bæði með höndum framkvæmd verks og eftirlit með því. Af því leiðir að finna þarf aðra lausn að því er varðar öryggisþátt vinnslunnar.

Í Persónuvernd, 7. apríl 2011



Páll Hreinsson,
formaður stjórnar



Aðalsteinn Jónasson

Haraldur Briem



Olafur Gardarsson



Magnús Hafliðason



RÍKISENDURSKOÐUN

Skúlagötu 57, 105 Reykjavík IS-Iceland.

Alþingi
Erindi nr. P 139/1655
komudagur 10.3.2011

	Dagsetning	Tilvísun
Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8 – 10, 150 Reykjavík.	9. mars 2011	A-9 LÖ/bb

Vísað er til erindis efnahags- og viðskiptanefndar dags. 2. þ.m. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna, 314. mál.

Til svars erindinu tekur Ríkisendurskoðun fram að hún hefur engar athugasemdir fram að færa við frumvarpið.



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 139/1627
komudagur 9.3.2011

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, efnahags- og skattanefnd
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 7. mars 2011 02-2011030006
T-ums 10/11


**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna -
314. mál, þskj. 381.**


Ríkisskattstjóri hefur þann 2. mars 2011 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Í frumvarpinu kemur fram að Hagstofan skuli undirbúa og framkvæma rannsókn á stöðu heimilanna.

Ríkisskattstjóri tekur ekki afstöðu til efni frumvarpsins en gerir þó athugasemdir við 4. mgr. 2. gr. þess þar sem fram kemur að kostnaður vegna tölvukeyrslu skuli borinn af skráarhaldara. Réttast væri að kveðið væri á um það í fjárlögum hvernig fari með þann kostnað sem af vinnslunni hlýst. Hafa ber þó í huga að liggi upplýsingar fyrir í skrá er ekkert athugavert við að þær verið afhentar án kostnaðar.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 139/1628
komudagur 9.3.2011

7. mars 2011
SÍ-71195

Nefndasvið Alþingis
nefndasvið@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík


Með skeyti dags. 2. mars 2011 óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna, þskj. 381 - 314. mál á 139. löggjafarþingi.


Markmið frumvarpsins er að fyrir liggi reglulega upplýsingar um stöðu ólíkra hópa heimila til þess að stjórnvöld geti markað stefnu sem tryggir hag heimila, einkum þeim sem standa höllum fæti.

Seðlabankinn hefur áður komið á framfæri skoðun sinni að reglulegu mati á fjárhagsstöðu skuldugra heimila verði komið í varanlegan farveg. Mikilvægt er að stjórnvöld og eftirlitsstofnanir hafi heilsteypta mynd af fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja og þróun hennar. Vísað er í umsögn Seðlabankans um 238. mál um frumvarp um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja þar sem finna má umfjöllun og rök fyrir því að ekki eigi að setja fjármuni í tímabundnar lausnir sem myndu einungis gagnast stjórnvöldum í afmarkaðan tíma. Seðlabankinn tekur því undir þau sjónarmið sem eru lögð fram í frumvarpinu um að mikilvægt sé að hefjast undir eins handa við að afla gagna um stöðu heimilanna. Bankinn telur að hagkvæmast sé að gera slíkt með eftirfarandi hætti og að vanda þurfi vel til verksins:

1. Setja á stofn miðlæga skuldaskrá.
2. Samkeyra gögn úr miðlægri skuldaskrá við gögn um tekjur, bætur, fjölskylduhagi o.fl.
3. Samkeyrslur verði framkvæmdar af óháðum fagaðila sem uppfyllir reglur ESB og EES um hagskýrslugerð.

Virðingarfyllst
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri


Rannveig Sigurðardóttir
staðgengill aðalhogfræðings



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 139/1609
komudagur 8. 3. 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 7. mars 2011.


Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna. Þingskjal 381 - 314. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Efnahags- og skattanefndar Alþingis, sent með tölvupósti 2. mars sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna, 314. mál.

Markmiðið með frumvarpinu er að reglulega verði til staðar upplýsingar um fjárhagsstöðu mismunandi tegunda heimila sem geti verið grundvöllur fyrir stefnumörkun til að standa vörð um hag heimilanna.

Tollstjóri gerir ekki athugasemdir við frumvarpið en það mun ekki hafa áhrif á starfsemi embættisins verði það óbreytt að lögum.

Virðingarfyllst,


Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 9. mars 2011
ÞG/SLB/016/2011

Efni: Frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna - 314. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 2. mars 2011 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.


Þingið er enn með til meðferðar frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja á þingskjali 269 – 238. mál. Hér virðist vera um sambærilegt frumvarp að ræða og vísast því einnig í umsögn Tryggingastofnunar um það mál.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er m.a. opinberum aðilum skylt að miðla upplýsingum til Hagstofunnar á því formi og á þeim tíma sem Hagstofan tiltekur.

Afar mikilvægt er að nýta gögn Tryggingastofnunar við úttekt á fjárhagsstöðu heimila, en Tryggingastofnun hefur yfir að ráða miklu magni viðkvæmra upplýsinga sem stofnunin er bundin þagnarskyldu um. Mikilvægt er að varlega sé farið við vinnslu slíkra gagna og gæta þarf þess að hún brjóti ekki í bága við persónuverndarlög. Þá þarf að mæta kostnaði stofnunarinnar vegna aukinnar gagnaöflunar og nýrra úrvinnslu gagna, verði um slíkt að ræða.

Tryggingastofnun hefur á undanförnum misserum þurft að hagræða verulega í rekstri sínum, bæði vegna skipulagsbreytinga í almannatryggingum með tilkomu Sjúkratrygginga Íslands og eins vegna almennra hagræðingakrafna ríkisins í kjölfar bankahruns. Stofnuninni er nú þegar skorinn mjög þröngur stakkur við að sinna lögboðnu hlutverki sínu og hefur því takmarkað svigrúm til að bæta við sig verkefnum. Viðskiptamannahópur stofnunarinnar er a.m.k. 55 þúsund manns í hverjum mánuði og er því viðbúið að kostnaður við upplýsingagjöf og samkeyrslu upplýsinga um bótaþega gæti orðið umtalsverður.

Virðingarfyllt,


Sigríður Lilly Baldursdóttir
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 139/1657
komudagur 10.3.2011



VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. mars 2011.

Efni: Frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna (314. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér iög sem kveða á um reglulegar rannsóknir á stöðu heimilanna í landinu.

Viðskiptaráð fagnar viðleitni til aðgerða til stuðnings heimila í landinu. Skuldastaða margra þeirra er mjög slæm og eiginfjárstaða oft á tíðum neikvæð. Þá er atvinnuleysi enn umtalsvert og svo virðist sem fólk sé farið að missa að mörgu leyti þrótt að því er virðist, en dregið hefur úr greiðsluvilja. Til þess að geta brugðist við þeim vanda sem blasir við er nauðsynlegt að geta metið hversu umfangsmikill hann er og hvers eðlis.

Sú rannsókn sem ofangreint frumvarp leggur til er liður í þessari viðleitni til aðgerða. Með því að geta haft raunverulegt mat á stöðu heimilanna í landinu hverju sinni má bregðast við með þeim hætti sem þarf.

Gæta verður ávallt að meðferð upplýsinga eins og þeirra sem aflað er með ofangreindri rannsókn og er tekið á því í frumvarpinu. Eins er nauðsynlegt að gott samstarf sé með Persónuvernd og ýtrustu varúðar sé gætt í allri vinnslu gagna.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga

Virðingarfyllt,

Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands